



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kortlagning kennslufræða í Deild faggreinakennslu

**Björg Pétursdóttir, Guðrún Geirsdóttir,
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Berglind Gísladóttir.**

Lokaskýrsla til Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands

Júní 2025



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

Kortlagning kennslufræða í Deild faggreinakennslu

Björg Pétursdóttir, Guðrún Geirsdóttir,
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Berglind Gísladóttir.

Lokaskýrsla til Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands

Júní 2025

Kortlagning kennslufræða í Deild faggreinakennslu

© 2025 Björg Pétursdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Berglind Gísladóttir.

Skýrsluna má ekki afrita nema með leyfi Kennslumálasjóðs og höfunda.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Sniðmát við kortlagningu.....	6
Meginflokkar sniðmáts	8
Almenn kennslufræði.....	8
Kennslufræði námsgreinar	9
Námskrár.....	9
Nemendur.....	10
Tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum	10
Lesefni.....	10
Framkvæmd	11
Kortlagning	12
Dreifing kortlagðra námskeiða milli námsleiða.....	13
Niðurstöður	15
Mismunandi fjölbreytt kennslufræði milli námskeiða	15
Ákveðin tegund kennslufræða er algeng og önnur óalgeng.	15
Almenn kennslufræði	16
Kennslufræði námsgreina	16
Námskrár.....	17
Nemendur og tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum.....	18
Lesefni.....	19
Umræður	20
Næstu skref	22
Heimildaskrá.....	24

Inngangur

Vorið 2022 fór fram umræða á Menntavísindasviði (MVS) um kennslufræði og hlut hennar í námskrá kennaranáms. Hvatinn að fundaröðinni voru áhyggjur kennara á sviðinu og vangaveltur um stöðu kennslufræða sem kjarna í kennaranámi. Í umræðum þátttakenda kom skýrt fram sú skoðun að kennslufræði væri eða ætti að vera lykilgrein í undirbúningi þeirra sem sinna eiga kennslu á hvaða námsstigi sem er og bæði almenn kennslufræði og kennslufræði greina séu mikilvægar. Í því samhengi má vísa til grundvallargreinar Shulman (1987) sem telur að kennslufræðileg hæfni kennara byggist á þekkingu þeirri í sjö grunnþáttum sem eru i) fræðileg þekking; ii) almenn kennslufræði; iii) námskrárbundin þekking; iv) kennslufræði greina; v) þekking á nemendum og einkennum þeirra; vi) þekking á námsumhverfi og vii) þekking á markmiðum og gildum menntunar.

Í umræðu kom einnig fram að á MVS þyrfti að vinna að því að samræma notkun hugtaka, til dæmis innan deilda og milli deilda. Mikilvægt væri að hafa sýn yfir kennslufræði í öllum deildum, sem mennta kennara, og að kennarar á MVS kæmu sér saman um skilgreiningar, meðal annars með tilliti til nýrra laga um menntun kennara sem fela í sér að sama leyfisbréf gildir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig.

Á fyrsta fundi og þeim sem fylgdu í kjölfarið voru eftirfarandi ályktanir og tillögur m.a. settar fram:

- a) Skapa þarf vettvang til umræðu um kennslufræði sem lykilhugtak menntavísinda og kennarafræða.
- b) Kortleggja þarf kennslu (inntak og aðferðir) kennslufræði í námskeiðum á MVS. Til að hægt sé að ræða faglega um kennslufræði innan MVS er mikilvægt að til sé yfirlit um hvað er verið að kenna undir hatti kennslufræði við MVS. Kortleggja þarf hvaða viðfangsefni, kenningar, fræðimenn og aðferðir kennarar við MVS eru að kynna eða kenna í námskeiðum sínum. Með slíkri kortlagningu gefst ekki aðeins yfirsýn og innsýn í námskrá sviðsins heldur gæti hún aukið möguleika á samþættingu námskeiða og dregið úr óþarfa skörun.

Í framhaldi var sótt um styrk úr Kennslumálasjóði til að ráða verkefnastjóra til að sinna ofangreindum verkefnum, þ.e. að kortleggja kennslu kennslufræða við MVS og að stýra greinandi umræðu um þá vinnu.

Verkefni verkefnastjóra væru eftirfarandi:

- a) Fara yfir kennsluáætlanir námskeiða á öllum námsleiðum MVS og kortleggja stöðu kennslufræða og kennslufræði greina með tilliti til umfangs, umfjöllunarefnis, kenninga, fræðimanna sem vísað er til o.s.frv.
- b) Fylgja kortlagningu kennsluáætlana eftir með skýringarviðtölum við kennara ef með þarf til að fá fyllri upplýsingar um viðfangsefni námskeiða.
- c) Draga saman niðurstöður og leita sérstaklega eftir skörun og endurtekningum innan og á milli námsleiða
- d) Kynna niðurstöður og ræða í faghópum kennara til að kanna möguleika á samþættingu námskeiða, samvinnu um kennslu og til kynninga á mögulegum nýjum sjónarhornum á sviði kennslufræða
- e) Skipuleggja og hafa umsjón með umræðufundum/málstofum kennara um niðurstöður samantektar.

Í umsókninni var sérstaklega litið til Stefnu Háskóla Íslands 2021–2026 en þar segir: „Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelldri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi“. (<https://stefna.hi.is/>). Þá er hér horft til Sjálfsmats háskóla en í aðgerðaáætlunum deilda á Menntavísindasviði er meðal annars kallað eftir því að námskrá innan og milli deilda og námsleiða þurfi að samhæfa. Bent var á mikilvægi þess að fagfólk sem undirbýr kennara undir starf á vettvangi séu bæði fyrirmyndir í eigin kennslu og að kennaranemar fái bæði fræðilega og hagnýta þekkingu á kennslufræðum bæði almennri kennslufræði svo og kennslufræði ólíkra þekkingarsviða, faggreina og nemendahópa (Hirsh, Nilholm, Roman, Forsberg & Sundberg, 2022).

Hugmyndin var að verkefnið markaði nýtt verklag á fræðasviði þar sem unnin verður kerfisbundin úttekt á stöðu kjarnagreinar í námskeiðum og námskrá menntunarfræða og ætti, ef vel tekst til að efla umræðu um stöðu kennslufræða og kennslu þeirra. Verkefninu er ætlað að stuðla að samvinnu og samráði þeirra sem sinna kennslu kennslufræða og tengdra viðfangsefna innan ólíkra deilda og námsleiða á Menntavísindasviði. Slik kortlagning hefur ekki áður farið fram og verklag þetta gæti orðið fyrirmynd að heildstæðum kortlagningum innan fræðisviða. Kortlagning hefur farið fram á því hvort og að hvaða marki er verið að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Auður Pálsdóttir og Lára Jóhannsdóttir, 2021).

Kennslumálasjóður veitti styrk til verkefnisins og í framhaldi var Björg Pétursdóttir ráðin sem verkefnastjóri. Verkefnið hófst á vörmisseri 2024.

Sniðmát við kortlagningu

Verkefnið gerir ráð fyrir að kortleggja stöðu kennslufræða, þar með talda kennslufræði greina, með tilliti til umfangs, umfjöllunarefnis, kenninga, fræðimanna sem vísað er til o.s.frv. Ákveðið var í byrjun að skilgreina hvað félli undir kennslufræði og leita í því skyni í smiðju bandaríska fræðimannsins Lee Shulmans (1987) og Harryson (2018).

Shulman (1987) skilgreinir eftirfarandi sjö þekkingarflokka í kennslufræði.

1. Fræðileg þekking.
2. Almenn kennslufræðileg þekking tengd framkvæmd, svo sem bekkjarstjórnun og skipulag yfirferðar námsefnis.
3. Námskráfræðileg þekking, meðal annars tengd efni og námsskipulagi.
4. Kennslufræði greina þar sem kennslufræðin er tengd sérstaklega við námsgrein (fræðigrein).
5. Þekking á nemendum og einkennum og eiginleikum þeirra (characteristics).
6. Þekking á menntunarsamhengi (námsumhverfi, educational contexts) allt frá vinnu í hópum og bekkjum, stjórnun og fjármögnun skóla yfir í einkenni og menningu nærsamfélagsins.
7. Þekking á markmiðum og gildum menntunar, heimspeki og sögulegum forsendum.

Ennfremur skilgreinir Shulman fjórar meginuppsprettur þekkingar í kennslufræði

1. Fagið sjálft (Scholarship in content disciplines)
2. Ytri áhrifaþættir (The materials and settings of the institutionalized educational process (f.ex. curricula, textbooks, school organizations, finance, structure of the teaching profession))
3. Kennslufræði (Research on schooling, social organization, human learning, teaching and development)

4. Starfsþjálfun (The wisdom of practice itself)

Harryson (2018) segir kennaranám eiga að fela í sér kennslugrein, kennslufræði og starfsþjálfun. Með kennslugrein er bæði átt við sérfræðipækkingu og kennslufræði greinar. Hann skilgreinir kennslufræði í eftirfarandi sex flokka:

1. Hæfniviðmið (Læringsmál-formál og slutmál)
2. Fræðileg nálgun (Tematísk og teoretísk indhold)
3. Kennsluaðferðir (Undervisningsmetoder)
4. Námsmat (Eksamens former)
5. Tenging við vettvang (starfsþjálfun) (Praksis tilknytning)
6. Framkoma (Positionering Os/Dem)

Einnig var horft til reglugerðar um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem kom út í nóvember 2022 (hér eftir kölluð hæfniramma kennara). Markmið hennar er m.a. að veita viðurkenndum háskólum leiðsögn um inntak kennaramenntunar. Í reglugerðinni má finna ýmislegt sem rímar við ofangreindar áherslur.

Í fimmtu grein reglugerðarinnar er fjallað um uppeldis og kennslufræði. Þar eru ákvæði sem eru í takt við fimmta þekkingarflokk Schulman (1987) í kennslufræði sem hann kallar: Þekking á nemendum og einkennum og eiginleikum þeirra. Í reglugerðinni stendur meðal annars:

Kennari þekkir og skilur hlutverk sitt við að standa vörð um og stuðla að menntun og farsæld barna. Hann býr yfir hæfni til að:

- a. mæta námslegum, félagslegum og persónulegum þörfum nemenda og skipuleggja nám og kennslu út frá líkamlegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum þroska þeirra,
- b. skilja hvernig bakgrunnur og reynsla nemenda hefur áhrif á nám líðan, hegðun og samskipti, þ.m.t. sértækir námserfiðleikar og geð- og þroskaraskanir,
- c. bera kennsl á og bregðast við þörfum barna með ólíkan bakgrunn og
- i nýta árangursríkar aðferðir til að hafa jákvæð áhrif á hegðun, líðan og félagsfærni barna og stuðla að farsæld þeirra.

Í sjöttu grein reglugerðarinnar er fjallað um nám og kennslu. Þar má finna ákvæði sem eru í takt við þriðja þekkingarflokk Schulman (1987) sem hann kallar: Námskrárfræðileg þekking, meðal annars tengd efni og námsskipulagi.

Í reglugerðinni stendur meðal annars:

Kennari býr yfir færni til að beita fjölbreyttum kennsluháttum í samræmi við inntak og eðli námsefnis og þarfir nemenda. Hann býr yfir hæfni til að:

- a. haga kennslu í samræmi við kröfur aðalnámskráa og námsbrautarlýsinga,

Í sjöttu grein reglugerðarinnar má finna ákvæði sem falla að öðrum og fjórða þekkingarflokki Schulman (1987) sem fjallar um almenna kennslufræði og kennslufræði greina. Jafnframt er greinin í takt við fyrsta, þriðja og sjötta kennslufræðiflokk Harryson (2018) en þeir fjalla um hæfniviðmið, kennsluaðferðir og framkomu.

Commented [IJ1]: Þarf ekki málsgrein til að útskýra af hverju Harryson hefur til málanna að leggja? Kannski nóg að gera það efst um leið og Shulman.

Í reglugerðinni stendur meðal annars:

Kennari býr yfir færni til að skipuleggja og undirbúa nám og kennslu í þeim tilgangi að mæta námslegum markmiðum nemenda. Hann býr yfir hæfni til að:

- setja viðeigandi námsmarkmið með nemendum og styðja við framfarir þeirra í námi,
- nýta gagnreyndar aðferðir við kennslu og bekkjar- eða hópstjórnun og
- ígrunda og aðlaga eigin kennsluaðferðir til að ná settum markmiðum.

Kennari þekkir og skilur inntak, aðferðir og orðræðu þeirra náms- og greinasviða sem hann kennir. Hann býr yfir hæfni til að:

- aðlaga inntak faggreina, náms- og greinasviða í samræmi við aldur, þroska og þarfir nemenda,
- velja námsáherslur og kennsluaðferðir í samræmi við þekkingu og inntak faggreina, náms- og greinasviða,
- nýta tengsl ólíkra faggreina, náms- og greinasviða í kennslu og
- nýta stafræna tækni í kennslu.

Í hæfniramma kennara er að finna ákvæði varðandi námsmat en fjórði kennslufræðiflokkur Harryson (2018) heitir einmitt námsmat.

Í reglugerðinni stendur meðal annars að kennari búi yfir hæfni til að leggja mat á og greina námsframvindu sem nýttist við undirbúning kennslu. Hann býr yfir hæfni til að:

- nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir sem stuðla að námi og leiða af sér raunhæft, réttmætt og áreiðanlegt mat á framvindu náms og þroska og
- greina viðeigandi upplýsingar til að geta hagað kennslu og skólastarfi í samræmi við markmið náms.

Meginflokkar sniðmáts

Á grundvelli ofangreindrar umfjöllunar (Harryson, 2018; Shulman, 1987) um inntak kennslufræði voru skilgreindir fimm kennslufræðiflokkar. Þessir flokkar mynda meginþætti sniðmáts sem var þróað til að leggja mat á hvaða námsþættir innan kennslufræði væru kenndir í einstökum námskeiðum í Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði. Auk þess var í sniðmátinu skilgreindur einn þáttur til að greina lesefni námskeiða. Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir hverjum þætti sniðmátsins.

Almenn kennslufræði

Shulman (1987) dregur fram mikilvægi þess að nemendur öðlist fræðilega þekkingu og almenna kennslufræðilega þekkingu tengda framkvæmd. Hann bendir einnig á mikilvægi námskrárfræðilegrar þekkingar m.a. tengda efni og námsskipulagi. Harryson (2018) skilgreinir meðal annars fræðilega nálgun og námsmat undir kennslufræði. Til að kortleggja þessar áherslur var undir þessum kennslufræðiflokki athugað hvort námskeiðin fjölluðu um helstu fræðimenn og kenningar, náms og kennslufræði almennt og skipulag á kennslu, svo sem gerð kennsluáætla. Athugað var hvort fjallað væri um matsaðferðir óháð kennslugrein og námskrárfræði almennt. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði almenna kennslufræði leit út á eftirfarandi hátt:

1. Almenn kennslufræði

felur í sér umfjöllun um:

- a. fræðimenn og kenningar, t.d. Piaget, Vygotsky, Gardner, Bruner, Skinner, Dewey, Bloom. (Hér er einungis merkt við ef nöfnin koma fram á þeim stöðum sem eru kortlagðir og listinn hér er ekki tæmandi listi.)
- b. náms- og kennsluaðferðir almennt.
- c. skipulag náms og kennslu, til dæmis gerð kennsluáætla.
- d. matsaðferðir almennt.
- e. námskráfræði almennt.

Kennslufræði námsgreinar

Í skilgreiningu Shulmans (1987) um sjö þekkingarflokka í kennslufræði kemur fram áhersla á kennslufræði greina, þar sem kennslufræðin er tengd sérstaklega við námsgrein (fræðigrein). Hann ræðir einnig um að ein uppspretta þekkingar í kennslufræði sé fagið sjálft. Undir þessum kennslufræðiflokki var því sjónum beint að því hvernig fræðilegt efni námskeiðsins, námsgreinin, væri tengd við kennslufræði. Hér var lítið til þess hvort minnst væri á greinanámskrá sem er hluti aðalnámskrár grunnskóla en það nægði ef vísað var í orðið námskrá. Athugað var hvort fjallað væri um náms- og kennsluaðferðir tengdar greininni eða námsmat. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði kennslufræði námsgreinar leit út á eftirfarandi hátt:

2. Kennslufræði námsgreina

felur í sér umfjöllun um:

- a. greinanámskrá eða námskrá kennslugreinar.
- b. náms- og kennsluaðferð.
- c. matsaðferð tengt eigin grein.

Námskrár

Einn af sjö þekkingarflokkum Shulman (1987) í kennslufræði er námskráfræðileg þekking, meðal annars tengd efni og námsskipulagi. Annar flokkur er þekking á menntunarsamhengi (námsumhverfi) allt vinnu í hópum og bekkjum, stjórnun og fjármögnun skóla í einkenni og menningar nærsamfélagsins. Þriðji flokkurinn fjallar um þekkingu á markmiðum og gildum menntunar. Hann talar einnig um að ein af fjórum meginuppsprettum þekkingar í kennslufræði séu ytri áhrifaþættir. Aðalnámskrá er útgefin af stjórnvöldum og er ígildi reglugerðar. Hún er nánari útfærsla á lögum um viðkomandi skólastigi og liggur til grundvallar ytra mati á skólastarfi. Undir þessum flokki voru tengsl námskeiðs við aðalnámskrá athuguð. Það var athugað hvort orðin aðalnámskrá eða skólanámskrá kæmu fyrir en segja má að skólanámskrá sé skólaútgáfa aðalnámskrár. Athugað var hvort rétt var um að setja fram hæfniviðmið sem sumir kalla námsmarkmið, hvort væri vísað í grunnþætti sem kveðið er á um í aðalnámskrá. Einnig var athugað hvort rétt væri um námsmat í tengslum við matsviðmið. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði umfjöllun um námskrár leit út á eftirfarandi hátt:

3. Námskrár

felur í sér að orðið kemur fyrir og/eða umfjöllun um:

- a. aðalnámskrá.
- b. skólanámskrár. (Orðið þarf að koma fyrir til að sé merkt við það.)
- c. hæfniviðmið eða námsmarkmið.

- d. grunnþætti (sem fjallað er um í aðalnámskrá).
- e. námsmat tengt matsviðmiðum. (Hér er átt við að sett eru fram skilgreind matsviðmið, matsviðmið úr aðalnámskrá eða matsviðmið úr skólanámskrá)

Nemendur

Einn af sjö þekkingarflokkum Shulman (1987) í kennslufræði er að kennaranemar öðlist þekkingu á nemendum og einkennum eða eiginleikum þeirra (characteristics). Þessvegna var ákveðið að athuga hvort minnst væri á þá nemendur sem kennaranemendur eru að undirbúa sig fyrir að kenna. Það var nóg ef það kom fram hvort verkefni ættu að tengjast t.d. miðstigi eða unglingastigi. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði umfjöllun um nemendur sem ætlunin er að kennaranemarnir kenni í framtíðinni leit út á eftirfarandi hátt:

4. Nemendur

felur í sér umfjöllun um:

- a. nemendur sem ætlunin er að kenna, t.d. þroski, hæfi, áskoranir og tækifæri.
- b.

Tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum

Shulman (1987) segir eina af meginuppsprettum þekkingar í kennslufræði vera starfsþjálfun. Tveir af sex flokkum kennslufræði sem Harryson (2018) setur fram er tenging við vettvang og framkoma. Í þessum flokki var kortlagt hvort verkefni fælu í sér tækifæri til að æfa kennsluaðferðir í skólanum, prófa námsmatsaðferðir og gera fagleg verkefni sem nýtast á vettvangi. Hér er ekki átt við tækifæri á vettvangi í æfingakennslu heldur undir leiðsögn í háskólanum. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði umfjöllun um tækifæri til að æfa aðferðir undir leiðsögn í skólanum leit út á eftirfarandi hátt:

5. Tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum

(merkt var við ef í námskeiðinu voru skilgreind verkefni í vettvangsnámi)

felur í sér tækifæri kennaranema í skólanum:

- a. æfa kennsluaðferðir. (Hér er einungis merkt við ef nemandi fær tækifæri í skólanum að prófa sjálfur. Það nægir ekki að ræða aðferðirnar og nægir ekki að æfa þær í vettvangsnámi.)
- b. prófa matsaðferðir sem nýtast á vettvangi.
- c. gera fagleg verkefni sem nýtast á vettvangi. (Hér er átt við að nemendur námskeiðsins vinna verkefni sem þeir gætu hugsanlega notað fyrir sína nemendur).

Lesefni

Ákveðið var að kortleggja einnig lesefnið sem gefið var upp í hverju námskeiði. Sá þáttur sniðmátsins sem kortlagði lesefnið leit út á eftirfarandi hátt.

6. Lesefni

felur í sér að gefið er upp lesefni sem varðar:

- a. kennslufræði almennt, þ.m.t. námskráfræði og námsmat.
- b. náms- og kennsluaðferðir.
- c. kennslufræði námsgreinar.
- d. lög og reglugerðir, t.d. Aðalnámskrár.

- e. fagefni náms"greinar".
- f. námsmat.

Þegar fjallað er um kennslufræði námskeiðs hér eftir er átt við þá skilgreiningu sem sniðmátið felur í sér.

Framkvæmd

Til að afmarka verkefnið var ákveðið að kortleggja eingöngu námskeið sem kennd voru á vorönn 2024 í Deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem í væru skráðir fleiri en 5 nemendur. Þetta reyndust vera 60 námskeið í heild. Þau skiptust þannig að 31 námskeið tilheyruð grunnnámi, 20 voru framhaldsnámskeið og 9 námskeið voru á meistarastigi.

Áður en kortlagning hófst var eftirfarandi bréf sent til umsjónarkennara viðkomandi námskeiða og óskað eftir að rannsakandi fengi aðgang í námsumsjónarkerfi Háskóla Íslands (Canvas), en öll námskeið eiga kennsluvef í Canvas.

Vorið 2022 var haldin fundaröð meðal kennara við Menntavísindasvið HÍ (MVS) þar sem ræddar voru áhyggjur kennara á sviðinu og vangaveltur um stöðu kennslufræða sem kjarna í námi á sviði menntavísinda.

Í kjölfarið sóttu Guðrún Geirsdóttir dósent, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og fleiri um styrk til Kennslumálasjóðs til að kortleggja kennslu (inntak og aðferðir) kennslufræði í námskeiðum á MVS.

Verkefnið er að kortleggja hvaða viðfangsefni, kenningar, fræðimenn og aðferðir kennarar við MVS eru að kynna eða kenna í námskeiðum sínum. Með slíkri kortlagningu gefst ekki aðeins yfirsýn og innsýn í námskrá sviðsins heldur gæti hún aukið möguleika á samþættingu námskeiða. Jafnframt gefst í kjölfar kortlagningar aukið tækifæri til að ræða faglega um kennslufræði innan MVS.

Kennslumálasjóður veitti þriggja mánaða styrk til verksins og hefur Björg Pétursdóttir aðjúnt (bjorgpet@hi.is) verið ráðin verkefnisstjóri. Til að afmarka verkefnið hefur verið ákveðið að skoða öll kennd námskeið í Faggreinadeild á vorönn 2024 sem í eru fleiri en 5 nemendur. Þetta eru alls 60 námskeið. Framhald verkefnisins ræðst af niðurstöðum þeirrar athugunar og hvort hægt verður að taka fyrir fleiri námsleiðir innan ramma verkefnis.

Til að kortleggja kennslufræði hvers námskeiðs eru sex þættir athugaðir. Þessir sex þættir eru umfjöllun um: almenna kennslufræði, kennslufræði námsgreina, námskrár, hvernig er fjallað um þá nemendur sem brautskráðu kennararnir koma til með að kenna og tækifæri nemenda til að æfa aðferðir. Jafnframt er farið yfir leslista námskeiðsins og metið hvaða kenningar og nálganir eru til umfjöllunar. Leitað er eftir þessum flokkum/viðfangsefnum í kennsluáætlunum námskeiða (umfjöllunarefni, lesefni, verkefnalýsingar) svo og í námskeiðslýsingu í kennsluskrá.

Þitt námskeið hefur verið valið til kortlagningar. Gætir þú gefið Björgu Pétursdóttur (bjorgpet@hi.is), verkefnastjóra verkefnis tímabundinn aðgang að námskeiðinu þínu á Canvas. Ef þú ert mótfallinn því að Björg sjái námskeiðsvef þinn biðjum við þig að taka afrit af kennsluáætlun námskeiðs eins og hún birtist á Canvas vefnum og senda Björgu.

Ef þú hefur spurningar eða athugasemdir ertu vinsamlega beðin(n) um að hafa samband, við verkefnisstjóra eða undirrituð.

Guðrún Geirsdóttir (gudgeirs@hi.is)

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is)

Aðgangur fékkst að 30 námskeiðum sem voru kortlögð í framhaldinu. Þau skiptust þannig að 13 námskeið tilheyruð grunnnámi, 11 námskeið voru framhaldsnámskeið og 6 voru á meistarastigi. Skráðir nemendur í þessum námskeiðum voru frá 7 upp í 133. Í framhaldi var ákveðið að bæta við fjórum námskeiðum sem eru hluti af námsleiðum í Deild faggreinakennslu en kennd með númerum Deildar kennslu- og menntunarfræði (KME). Þau skiptust þannig að þrjú tilheyruð grunnnámi og eitt var framhaldsnámskeið. Í heild voru því kortlögð 34 námskeið frá vormisseri 2024.

Kortlagning

Alls 34 námskeið voru kortlögð á vor- og sumarmánuðum árið 2024. Verkefnisstjóri fór yfir hvert námskeið og merkti við í sniðmáti út frá upplýsingum úr kennsluáætlun í kennsluskrá og á námskeiðsvef hvers námskeiðs í Canvas.

Í hverju námskeiði voru eftirfarandi upplýsingar nýttar við kortlagningu:

1. Námskeiðslýsing í Kennsluskrá 2023-2024.
2. Kennsluáætlun á Canvas, þar með talin námskeiðs-markmið og hæfniviðmið námskeiðs. Hér var einnig farið yfir þann hluta sem fellur undir Námsfni í Canvas. Fyrirlestrar voru ekki skoðaðir.
3. Verkefnislýsingar á Canvas.

Við hvern fyrirlestur var athugað hvort væri umfjöllun til staðar sem gæfi möguleika á að haka við kennslufræðipátt í sniðmáti sem sjá má í töflu 1.

Kortlagning	Númer námskeiðs		
	Nafn námskeiðs		
	Námskeiðslýsing í Kennsluskrá 2023-2024	Kennsluáætlun og Námsfni í Canvas	Verkefni í Canvas
1. Almenn kennslufræði			
a. Erlendi fræðimenn í kennslufræði nefndir og/öðr kenningar þeirra. T.d. Piaget, Vygotsky, Gardner, Bruner, Skinner, Dewey, Bloom			
b. Náms- og kennsluáferðir almennt.			
c. Skipulag náms og kennslu (t.d. gerð kennsluáætlana)			
d. Matsaðferðir almennt			
e. Námskráfræði almennt			
2. Kennslufræði námsgreina			
a. Greinanámskrá/námskrá kennslugrein			
b. Náms- og kennsluáferð			
c. Matsaðferð tengt eigin grein			
3. Námskrá			
Námskrá (orðð kemur fyrir)			
a. Aðalnámskrá			
b. Skólanámskrá			
c. Hæfniviðmið, námsmarkmið			
d. Grunnþættir			
e. Námsmat tengt matsviðmiðum			
4. Námendur			
Umfjöllun um nómendur sem ætíðis er að kenna, t.d. þroski, krafti, áskoranir og taklægni			
5. Tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum			
Verkefni í vettvangsnámi			
a. Æfa kennsluáferðir			
b. Prófa matsaðferðir sem nýtast á vettvangi			
c. Gera fagleg verkefni sem nýtast á vettvangi			
6. Lesefni			
Kennslubók gefin upp í kennsluskrá			
Kennslufræði almennt, þ.mt. námskráfræði og námsmat			
Náms- og kennsluáferðir			
Kennslufræði námsgreinar			
Lög og reglugerðir, t.d. Aðalnámskrár			
Fagfni náms"greinar"			
Námsmat			
7. Annað			

Tafla 1 Sniðmát sem notað var til að kortleggja námskeið

Við úrvinnslu var ákveðið að gera ekki greinarmun á því hvort kortlagðar upplýsingar kæmu frá námskeiðslýsingu í Kennsluskrá, frá kennsluáætlun eða úr verkefnislýsingum á Canvas. Tekið var mark á greiningu þó svo hún kæmi einungis fram á einum af þessum þremur stöðum. Ástæðan var sú að mikilvægt þótti að draga fram alla mögulega umfjöllun um kennslufræði sem hægt væri að greina í hverju námskeiði. Gallinn er að mögulega fær námskeið jákvæða merkingu um kennslufræði sem ekki á sér stað í raun. Til dæmis kemur fyrir að það stendur í hæfniviðmiði í námskeiðslýsingu í kennsluskrá að nemendur verði þjálfaðir í fjölbreyttum leiðum og aðferðum við kennslu en ekki sjást nein merki um það í verkefnislýsingum námskeiðsins. Þar sem kortlagning þriggja þátta er lögð saman fær svona námskeið samt merkingu um að nemendur fái tækifæri til að æfa kennsluaðferðir. Á sama hátt getur átt sér stað ákveðin kennslufræði í fyrirlestrum eða í kennslustundum sem ekki greindist við kortlagninguna.

Við kortlagninguna var einungis leitað eftir því sem skilgreint var í sniðmálinu. Hafa ber í huga að kortlagningin fól í sér að krossað var við í sniðmálinu (tafla 1) ef umfjöllun fannst sem fella mætti undir viðkomandi þátt Kortlagningin gefur ekki til kynna umfang þáttanna í hlutfalli hver við annan eða í hlutfalli við annað efni námskeiðsins. Þannig geta verið allt frá einu valverkefni til margra skylduverkefna sem liggja að baki þess að tikkað er í mörg box við kortlagningu námskeiðs. Jafnframt er ítrekað að kortlagningin byggir á huglægu mati verkefnisstjóra við yfirllestur á upplýsingum um hvert námskeið.

Kortlagningin gefur þannig einungis vísbendingar um umfjöllun á mismunandi þáttum í kennslufræði námskeiða. Hvert námskeið getur í reynd innihaldið minni eða meiri kennslufræði en kortlagningin gefur til kynna.

Dreifing kortlagðra námskeiða milli námsleiða

Samtals voru kortlögð 34 námskeið. Þau skiptust í 16 G-námskeið sem kennd eru í grunnnámi fimm ára kennaranáms, sjö M-námskeið sem eru í boði í framhaldsnámi fyrir 5 ára grunnskólakennaranám og fyrir þá sem hafa lokið 90 ein. í grunnnámi, 11 F-námskeið sem kennd eru í meistaranámi fyrir kennaranemendur sem hafa lokið BA eða BS gráðu. Af þessum námskeiðum eru samtals fjögur námskeið skipulögð fyrir verðandi starfsmenntakennara.

Í töflu 2 er námskeiðunum skipt í tvennt, annars vegar námskeið í grunnnámi og hins vegar í framhaldsnámi. Námskeiðin eru litamerkt eftir því hvort þau eru skylda, bundið val eða val á mörgum námsleiðum eða fáum.

	Grunnnám (Námskeið í grunnnámi)	Framhaldsnám (Námskeið í meistaranámi)
1	ÍET402G	LVG005M
2	ÍET601G	LVG006M
3	KME402G	LVG009M
4	KME201G	SFG202M
5	KME202G	SFG004M
6	LVG501G	SNU005M
7	LVG007G	SNU203M
8	SFG003G	FAG201F
9	SFG401G	FAG401F
10	SFG201G	ÍET001F
11	SNU010G	KME006F
12	SNU205G	SFG207F
13	SNU206G	SFG205F
14	SNU401G	SFG206F
15	KEN402G	SNU008F
16	KEN203G	SNU205F
17		SNU206F
18		SNU207F
19		
20		
	Grænt – Alm. skylda	Skylda á öllum námsleiðum í grunnskólakennaranámi.
	Gult – Alm. bundið val	Skylda á a.m.k. einni námsleið í grunnskólakennaranámi. Skilgreint sem bundið val á öllum öðrum námsleiðum í viðkomandi námi.
	Blátt – Alm. val	Skylda á einni námsleið í grunnskólakennaranámi, starfsmenntakennaranámi eða menntun framhaldsskólakennara. Skilgreint sem val á engum, fáum, eða mörgum öðrum námsleiðum.
	Grátt - Val	Ekki skylda á neinni námsleið. Skilgreint sem val eða bundið val hjá a.m.k. einni námsleið.

Tafla 2 Upptalning á kortlögðum námskeiðum flokkuð annars vegar eftir því hvort þau eru kennd í grunnnámi eða framhaldsnámi og hins vegar eftir því hvort þau eru almennt skylda eða val.

Niðurstöður


Tvö meginþemu birtast við kortlagningu á kennslufræði í 34 námskeiðum sem voru hluti af námsleiðum í Deild faggreinakennslu á vorönn 2024.

- Námskeiðin innihalda mismunandi fjölbreytta kennslufræði.
- Ákveðin tegund kennslufræða er algeng og önnur er óalgeng.

Niðurstöður eru settar fram í stöplaritum og gefin upp prósentutala. Hafa þarf í huga að ekki er um að ræða lýsandi tölfræði.

Mismunandi fjölbreytt kennslufræði milli námskeiða

Við kortlagninguna voru átján kennslufræðipættir skoðaðir samkvæmt sniðmáti. Á mynd 1 má sjá heildarskor allra námskeiða sem voru kortlögð, annars vegar námskeið í grunnnámi og hins vegar í framhaldsnámi.



Mynd 1 Hlutfall af kortlagðri kennslufræði sem birtist í námskeiðum í grunnnámi og framhaldsnámi eftir því hvort þau eru almennt skylda, bundið val, almennt val eða fyrst og fremst val á mismunandi námsleiðum (sjá nánari útskýringu í töflu 5).

Mynd 1 sýnir vel hversu breytilegt hlutfall af mismunandi kennslufræðipáttum greindust í námskeiðunum. Ekki er hægt að greina samband milli hlutfalls af kennslufræðipáttum og hvort námskeið sé almennt bundið val, almennt val eða val. Almenn skyldunámskeið eru einungis þrjú og öll KME-námskeið. Þessi skyldunámskeið greindust með 39%-67% af þeim kennslufræðipáttum sem voru kortlagðir. Tvö námskeið greindust með tvo af átján kortlögðum páttum (11%). Annað þeirra tilheyrði almennu vali í grunnnámi og hitt var valnámskeið í framhaldsnámi. Það námskeið sem hafði mesta kennslufræði var greint með fimmtán af átján páttum (83%). Það námskeið tilheyrði almennu bundnu vali í grunnnámi.

Ákveðin tegund kennslufræða er algeng og önnur óalgeng.


Hver tegund kennslufræða eða öðru nafni hver kennslufræðipáttur samkvæmt sniðmáti var metinn þannig að talin var tíðni merkinga við hvern pátt í sniðmáti og reiknað hlutfall miðað við heildarfjölda áfanga. Tíðnin var reiknuð sérstaklega fyrir námskeið í grunnnámi og í framhaldsnámi. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 2-5.

Almenn kennslufræði

Í þessum þætti sniðmátsins eru skilgreindir fimm undirþættir.

1. Almenn kennslufræði
 - a. Erlendir fræðimenn í kennslufræði nefndir og/eða kenninga, t.d. Piaget, Vygotsky, Gardner, Bruner, Skinner, Dewey, Bloom.
 - b. Náms- og kennsluaðferðir almennt.
 - c. skipulag náms og kennslu t.d. gerð kennsluáætla.
 - d. matsaðferðir almennt.
 - e. Námskrárfæði almennt.

Myndir




Mynd 2 Niðurstaða kortlagningar á almennri kennslufræði í 16 námskeiðum í grunnnámi og 18 námskeiðum í framhaldsnámi á vorönn 2024.

Fyrstu tvær súlurnar á mynd 2 sýna hlutfall námskeiða sem greindust með umfjöllun í einum eða fleiri liðum frá a – e. Súlur merktar a-e sýna hvaða tegundir af almennri kennslufræði greindust í námskeiðunum. Það greindist ekki sláandi munur á milli námskeiða í grunnnámi og framhaldsnámi. Skipulag náms- og kennslu greindist oftast en sjaldnast koma fram upplýsingar um hvort fjallað er um kenningar erlendra fræðimanna og um námskrárfæði almennt.

Kennslufræði námsgreina

Í þessum þætti sniðmátsins voru skilgreindir þrír undirþættir.

2. Kennslufræði námsgreina
 - a. Greinanámskrá/ námskrá kennslugreinar.
 - b. Náms- og kennsluaðferð
 - c. Matsaðferð tengd eigin grein.




Mynd 3 Niðurstaða kortlagningar á kennslufræði námsgreina í 16 námskeiðum í grunnnámi og 18 námskeiðum í framhaldsnámi á vorönn 2024.

Fyrstu tvær súlurnar á mynd 3 sýna hlutfall námskeiða sem greindust með umfjöllun í einum eða fleiri liðum frá a – c. Súlur merktar a-c sýna hvaða tegundir af kennslufræði námsgreina greindust í námskeiðunum. Það virðist ekki mikill munur á milli námskeiða í grunnnámi og framhaldsnámi nema helst hvað varðar umfjöllun um greinanámskrár þar sem lítil umfjöllun (15%) fannst í framhaldsnámsnámskeiðum. Lang algengast var að fjallað væri um náms- og kennsluaðferðir. Umfjöllun um matsaðferðir tengt eigin grein finnst í um 40% námskeiða.

Námskrár

Í þessum þætti sniðmátsins voru skilgreindir sex undirþættir.

3. Kennslufræði námsgreina.
 - a. Námskrár (orðið kemur fyrir).
 - b. Aðalnámskrá.
 - c. Skólanámskrár.
 - d. Hæfniviðmið, námsmarkmið.
 - e. Grunnþættir.
 - f. Námsmat tengt matsviðmiðum.




Mynd 4 Niðurstaða kortlagningar á umfjöllun um námskrár í 16 námskeiðum í grunnnámi og 18 námskeiðum í framhaldsnámi á vorönn 2024.

Fyrstu tvær súlurnar á mynd 4 sýna hlutfall námskeiða sem greindust með umfjöllun um námskrá sem fellur undir einn eða fleiri liði frá a – f. Súlur merktar a-f sýna hvaða námskrárþættir greindust í námskeiðunum. Töluverður munur er á námskeiðum í grunnnámi en í framhaldsnámi þar sem mun oftar kemur fram umfjöllun um einstaka námskrárþætti í grunnnáminu. Liður a segir til um hvort orðið námskrá hafi fundist við kortlagningu. Það er eftirtektavert hversu orðið kemur sjaldan fyrir í námskeiðum í grunnnámi þrátt fyrir að finna megi umfjöllun um aðalnámskrá í 78% námskeiðanna. Efni sem tengist aðalnámskrá (78%) og framsetningu á hæfniviðmiðum eða námsmarkmiðum (67%) er frekar algengt í námskeiðum úr grunnnámi en mun sjaldgæfara í námskeiðum í framhaldsnámi. Umfjöllun um skólanámskrár og grunnþætti virðist sjaldgæf í öllum námskeiðum sem voru kortlögð.

Nemendur og tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum

Tveir þættir sniðmátsins eru hér settir saman í mynd 5. Fyrri þátturinn sem kallaðist Nemendur hafði enga undirþætti en sá síðari hafði þrjá undirþætti..

4. Nemendur.
 - Umfjöllun um nemendur sem ætlunin er að kenna, t.d. þroski, hæfi, áskoranir og tækifæri
5. Tækifæri til að æfa aðferðir í háskólanum.
 - a. Æfa kennsluaðferðir.
 - b. Prófa matsaðferðir sem nýtast á vettvangi.
 - c. Gera fagleg verkefni sem nýtast á vettvangi.




Mynd 5 Niðurstaða kortlagningar á umfjöllun um nemendur og tækifæri til að æfa aðferðir í 16 námskeiðum í grunnnámi og 18 námskeiðum í framhaldsnámi á vorönn 2024.

Fyrstu tvær súlurnar á mynd 5 sýna hlutfall námskeiða sem greindust með umfjöllun um nemendur sem ætlunin er að kennarar muni kenna í framtíðinni. Næstu tvær súlur sýna hlutfall námskeiða sem greindust með umfjöllun um tækifæri til að æfa aðferðir í skólanum og falla undir einn eða fleiri liði frá a – c. Súlur merktar a-c sýna hvaða tækifæri greindust í námskeiðunum til að æfa aðferðir. Mynd 5 sýnir að frekar sjaldgæft virðist vera að fjallað sé um nemendahópinn sem kennaranemar stefna á að kenna og þá sérstaklega í framhaldsnámi. Hvað varðar tækifæri til að æfa kennsluaðferðir sýnir mynd 5 að lang algengast er að kennaranemendur vinni fagleg verkefni sem nýtast á vettvangi. Aftur á móti er mun sjaldgæfara að þeir fái tækifæri til að æfa kennsluaðferðir í skólanum og þá sérstaklega nemendur í framhaldsnámi. Tækifæri til að prófa matsaðferðir virðast sjaldgæf.

Leseefni

Í þessum þætti sniðmátsins voru skilgreindir sex undirþættir.

6. Leseefni
 - a) Kennslufræði almennt, þmt. námskrárfæði og námsmat
 - b) Náms- og kennsluaðferðir
 - c) Kennslufræði námsgreinar
 - d) Lög og reglugerðir, t.d. aðalnámskrár
 - e) Fagefni náms"greinar"
 - f) Námsmat



Mynd 6 Niðurstaða kortlagningar á lesefni í 16 námskeiðum í grunnnámi og 18 námskeiðum í framhaldsnámi á vorönn 2024.

Kortlagning á lesefni í viðkomandi námskeiðum (mynd 6) sýndi að algengast var að lesefnið fjallaði um kennslufræði námsgreinar og fagefni námsgreinar. Frekar lágt hlutfall af námsefni flokkaðist undir kennslufræði almennt, náms- og kennslufræði eða námsmat. Eftirtektavert er hve lítið virðist vísað í lög og reglugerðir í lesefni námskeiða í framhaldsnámi.

Umræður

Áður hefur komið fram að tvö meginþemu birtust við kortlagninguna. Annað þemað varðaði hversu fjölbreyttir kennslufræðilegir þættir finnast í hverju námskeiði og hins vegar hvaða þættir eru algengir/óalgengir.

Hvað varðar fjölbreytni þá virtist töluverður munur vera á fjölda kennslufræðilega þátta sem greindust innan hvers námskeiðs (sjá mynd 1). Í hverju námskeiði greindist frá 11% til 83% af þeim 18 þáttum sem voru kortlagðir. Það virtist ekki skipta máli hvort námskeiðið væri bundið val, almennt val eða val og þau námskeið sem skoruðu hæst voru ekki skyldunámskeið í grunnnámi. Með þetta í huga gæti verið ástæða til að athuga hvort það sé ekki öruggt að nemandi fái fullnægjandi kennslu um kennslufræði á öllum námskeiðum.

Á mynd 2 sést að algengast var að umfjöllun um skipulag náms og kennslu greindist í námskeiðum, óháð því hvort þau voru í grunn- eða framhaldsnámi. Aftur á móti greindist sjaldan umfjöllun um kenningar erlendra fræðimanna og námskrárfræði almennt. Hér má velta fyrir sér hvort það sé í raun lítil umfjöllun um kenningar erlendra fræðimanna í kennaranámi eða hvort slíkt efni sé sjaldan tilgreint í kennsluáætlunum eða á námskeiðsvef og hvort það skipti máli. Vert er að hafa í huga að samkvæmt Shulman (1987) fjallar einn af sjö þekkingarflokkum í kennslufræði um fræðilega þekkingu. Jafnframt fjallar annar þekkingarflokkurinn um þekkingu á markmiðum og gildum menntunar, heimspeki og sögulegum forsendum.

Á mynd 3 má sjá að umfjöllun um náms- og kennsluaðferð greindist langoftast og var það óháð því hvort námskeiðin tilheyrðu grunn- eða framhaldsnámi. Aftur á móti greindist langminnst umfjöllun um greinanámskrár í framhaldsnámi. Það á sér kannski eðlilegar skýringar þar sem greinanámskráin á eingöngu við um grunnskóla og sumar námsleiðir undirbúa nemendur undir kennslu í framhaldsskóla. Aftur á móti gæti verið ástæða til að hafa í huga að samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr.95/2019 hefur sá einstaklingur sem hefur fengið leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari starfað við leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Með öðrum orðum getur sá nemandi sem hefur sérhæft sig í kennslu í framhaldsskóla alveg eins sótt um starf sem kennari í grunnskóla.

Umfjöllun um námsmat var kortlögð bæði almennt og sértækt. Almenn umræða um námsmat og matsaðferðir tengdar eigin námsgrein (mynd 2 og mynd 3) greinast eingöngu í 35-44% námskeiðanna. Það sama má segja um mat tengt matsviðmiðum sem finnst í 35-39% námskeiðanna (mynd 4). Tækifæri til að æfa matsaðferðir (mynd 5) greindist eingöngu í 11-20% námskeiðanna og kortlagning á lesefni (mynd 6) var á sama veg þar sem eingöngu 22-25% námskeiða greindust með lesefni sem fjallaði sérstaklega um námsmat. Hér er vert að hafa í huga áherslu Harryson (2018) sem skilgreinir kennslufræði í sex flokka þar sem einn flokkurinn heitir námsmat. Jafnframt er í hæfniramma kennara sett fram skilyrði um hæfni kennara til að leggja mat á og greina námsframvindu sem nýtist við undirbúning kennslu. Þar er dregið fram að kennari eigi að nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir sem stuðla að námi og leiða af sér raunhæft, réttmætt og áreiðanlegt mat á framvindu náms og þroska. Með niðurstöðu kortlagningarinnar í huga gæti verið ástæða til að minna kennara á að fjalla meira um námsmat í námskeiðunum.

Mynd 4 sýnir umfjöllun um námskrá. Þar er sláandi að þó svo finna megi einhverja umfjöllun sem tengja megi við aðalnámskrá í flestum námskeiðum (75-83%) og ákvæði í henni kemur orðið námskrá frekar sjaldan fyrir (22-45%). Eftirtektarvert er að bæði í grunn- og framhaldsnámi virðist lítið talað um grunnþætti en sérstök áhersla er lögð á þá í sameiginlegum köflum aðalnámskrá grunnskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla. Sama má segja um skólanámskrár en kveðið er á um þær í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla auk þess að rætt er um þær í aðalnámskrám skólastiganna. Helmingi sjaldgæfar er að rætt sé um aðalnámskrá í námskeiðum í framhaldsnámi en í grunnnámi. Við kortlagningu á lesefni (mynd 6) er eftirtektarvert hvað umfjöllun um lög og reglugerðir, þar með talið aðalnámskrá er í fáum námskeiðum í framhaldsnámi (20%) og eingöngu í 50% námskeiða í framhaldsnámi. Ein meginuppspretta þekkingar í kennslufræði samkvæmt Shulman (1987) eru ytri áhrifaþættir svo sem aðalnámskrá og skólastjórnun auk uppbygging kennaranámsins. Hann skilgreinir einnig einn af sjö þekkingarflokkum í kennslufræði sem námskráfræðilega þekkingu. Í hæfniramma kennara frá stendur meðal annars að kennari eigi að búa yfir hæfni til að haga kennslu í samræmi við kröfur aðalnámskráa og námsbrautarlýsinga. Jafnframt stendur þar að kennari búi yfir hæfni til að að greina viðeigandi upplýsingar til að geta hagað kennslu og skólastarfi í samræmi við markmið náms. Með ofangreint í huga gæti verið ástæða til að huga að hvort allir kennaranemendur óháð námsleið fái örugglega kynningu og æfingu í að nýta sér mismunandi gerðir námskráa.

Á mynd 5 má sjá að umfjöllun um nemendur, sem ætlunin er að kennaranemarnir kenni í framtíðinni, greinist sjaldan (30-50%) og þá sérstaklega í námskeiðum úr framhaldsnámi. Hér er vert að hafa í huga að einn af sjö þekkingarflokkum Shulman (1987) í kennslufræði er að kennaranemar öðlist þekkingu á nemendum og einkennum eða eiginleikum þeirra. Jafnframt eru þó nokkur viðmið í hæfniramma kennara sem varða hæfni kennara við að skipuleggja nám og kennslu annars vegar til að mæta félagslegum og persónulegum þörfum nemenda og hins vegar í samræmi við aldur, þroska og þarfir nemenda. Þar er

einnig talað um að kennari skuli þekkja og skilja hlutverk sitt við að standa vörð um og stuðla að menntun og farsæld barna. Með ofangreint í huga gæti verið ástæða til að athuga hvort hvetja eigi kennara til að fjalla meira um þann nemendahóp sem kennaranemar stefna á að kenna.

Á mynd 5 er einnig fjallað um tækifæri kennaranemenda til að æfa kennsluaðferðir og námsmat. Lang algengast er að kennaranemendur vinni verkefni sem gætu hugsanlega nýst þeim á vettvangi og sum af þeim verkefnum eru verkleg þannig að þau geta skilgreinst sem tækifæri til að æfa kennsluaðferðir en æfingarhlutinn er í fáum námskeiðum, sérstaklega í námskeiðum úr framhaldsnámi (25%). Jafnframt er mjög lítið um að nemendur prófi matsaðferðir (11-20%). Einn af sjö þekkingarflokkum Shulman (1987) fjallar um almenna kennslufræðilega þekkingu tengd framkvæmd, svo sem bekkjarstjórnun og skpulag yfirferðar námsefnis. Í sama streng tekur Harryson (2018) sem skilgreinir einn af sex flokkum kennslufræði vera kennsluaðferðir. Í hæfniramma kennara segir að kennari búi yfir bæði hæfni til að nýta gagnreyndar aðferðir við kennslu og bekkjar- eða hópstjórnun og hæfni til að ígrunda og aðlaga eigin kennsluaðferðir til að ná settum markmiðum. Með ofangreint í huga gæti verið ástæða til að huga að möguleikum kennaranema til að æfa mismunandi náms- og kennsluaðferðir.

Næstu skref

Þessi kortlagning gefur einungis vísbendingu um hvaða námsþættir innan kennslufræði voru kenndir í 34 námskeiðum sem voru hluti af námsleiðum í Deild faggreinakennslu á vorönn 2024.

Kortlagningin er sprottin út úr umræðu á Menntavísindasviði vorið 2022 þar sem viðraðar voru áhyggjur kennara á sviðinu og vangaveltur um stöðu kennslufræða sem kjarna í kennaranámi. Í umræðum þátttakenda kom skýrt fram sú skoðun að kennslufræði væri eða ætti að vera lykilgrein í undirbúningi þeirra sem sinna eiga kennslu á hvaða námsstigi sem er og bæði almenn kennslufræði og kennslufræði greina séu mikilvægar. Í kjölfarið voru meðal annars settar fram þær tillögur að skapa vettvang til umræðu um kennslufræði sem lykilhugtak menntavísinda og kennarafræða og hins vegar að kortleggja kennslu kennslufræði í námskeiðum á Menntavísindasviði.

Markmiðið með kortlagningunni var þannig annars vegar að skapa umræðu og hins vegar að kortleggja stöðu kennslufræða og kennslufræði greina með tilliti til umfangs, umfjöllunarefnis, kenninga, fræðimanna sem vísað er til o.s.frv. Jafnframt var ætlunin að leita eftir skörun og endurtekningum innan og á milli námsleiða. Ekki reyndist unnt að kortleggja nægilega mörg námskeið til að fá fulla yfirsýn.

Afurð verkefnisins er annars vegar sniðmát sem var hannað til kortlagningar og hins vegar ábendingar sem nýta má sem umræðugrundvöll um kennslufræði.

Sniðmátið er tiltölulega einfalt í notkun og mætti nýta til að vekja kennara til umhugsunar um hvaða tegund kennslufræði hentar í hverju námskeiði. Til að sátt ríki um kortlagninguna og það nýttist til leiðsagnar mælum við með að listinn sé fylltur út á sameiginlegum fundi námsbrautarstjóra/deildarforseta og umsjónarmanns og/eða kennurum námskeiðs. Þannig gefst tækifæri til að ræða hvort einstökum þáttum kennslufræðinnar sé gerð skil í raun og hvort þeir eigi heima í viðkomandi námskeiði. Á þennan hátt mætti nýta sniðmátið sem hluta af gæðastjórnunarkerfi í deildinni.

Við kortlagninguna komu eftirfarandi ábendingar fram sem nýta má til umræðu innan deildar þegar hugað er að gæðum og samhfæingu innan námsleiða:

1. Fá allir kennaranemar fullnægjandi kennslu um kennslufræði á öllum námsleiðum?
2. Er hæfileg umfjöllun um kenningar fræðimanna í kennaranámi?
3. Eru viðfangsefni námskeiða hæfilega mikið tengd við þann nemendahóp sem kennaranemar stefna á að kenna?
4. Fá kennaranemar hæfileg tækifæri til að æfa mismunandi náms- og kennsluaðferðir svo og fyrirlögn námsmats undir leiðsögn í háskólanum?
5. Er þörf að tengja saman hæfniviðmið, matsviðmið og námsmat í fleiri námskeiðum?
6. Er þörf á að leggja meiri áherslu á að nemendur þekki mismunandi gerðir námskráa (t.d. aðalnámskrá, skólanámskrá og greinanámskrá) og tengsl þeirra við kennslu?

Vonast er til að sniðmátið og umræðuspurningarnar nýtist við endurskoðun kennaranáms sem nú fer fram.

Heimildaskrá

Hirsh, Å., Nilholm, C., Roman, H., Forsberg E. og Sundberg D. (2022). Reviews of teaching methods – which fundamental issues are identified? *Education Inquiry*, 13(1), 1-20, <https://doi.org/10.1080/20004508.2020.1839232>

Auður Pálsdóttir og Lára Jóhannsdóttir (2021). Signs of the United Nations SDGs in University Curriculum: The Case of the University of Iceland. *Sustainability*, 13 (16), 8958 <https://doi.org/10.3390/su13168958>

Harryson, H. (2018). Den pædagogiske diskurs i læreruddannelsen – formål, indhold og undervisningsmetoder. En komparation of læreruddannelserne HSN, Drammen, VIA, Aarhus og HÍ, Reykjavík. Ph.D.-afhandling
[Harryson H. 2018 Den pædagogiske diskurs i læreruddannelsen. Formål, indhold og arbejdsmetoder. Ph.D. afhandling.pdf](#)

Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019: [Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla | Lög | Alþingi](#)

Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.nr. 1355/2022. [1355/2022 – Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.](#)

Shulman, L. (1987). Knowledge and teaching: Foundations of the new reform. *Harvard Educational Review*, 57(1), 1-22.

Sjálfsmatsskýrslur faglegra eininga, Deild faggreinakennslu.
https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/skyrslur/fste_self_review_report_qef2_open.pdf

Sjálfsmatsskýrslur faglegra eininga, Deild kennslu og menntunarfræða.
https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/skyrslur/fep_self_review_report_qef2_open.pdf

Stefna Háskóla Íslands 2021-2016. Sótt á <https://stefna.hi.is/>